

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 998

Dagsetning: 3. október klukkan 10:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Elís Reynarson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Sigurrós Jóhannsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Áslaug Birna Ólafsdóttir, fagstjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslunni Efstaleiti, sat fundinn undir lið 9.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 26. september samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsdagur framkvæmdastjórnar

Rætt var um fyrirhugaðan starfsdag framkvæmdastjórnar 9. október.

4. Jólin

Umræður um jólagjafir og önnur mál tengd jölunum.

5. Fjarvinnustefna HH

Rætt um drög að fjarvinnustefnu fyrir HH. Vinna við skjalið er á lokametrunum en framkvæmdastjórn fól samskiptastjóra HH lokayfirferð.

6. Starfsmannamál

Farið yfir beiðni starfsmanns Heilsugæslunnar Firði um launalaust leyfi í eitt ár. Framkvæmdastjórn samþykkti að veita leyfið með vísan í rökstuðning svæðisstjóra.

7. Námskeið hjá Heilsubrú

Umræður um möguleg ný námskeið sem tengjast geðheilbrigðismálum hjá börnum og unglingum hjá Heilsubrú.

8. Sálfræðimál og fræðsla hjá ÞÍH

Rætt um starf sálfræðinga hjá HH og skörun við fræðslu fyrir sálfræðinga sem unnið er að hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH). Málið hefur verið rætt við forstöðumann ÞÍH og er komið í ferli.

9. Heilsugæslan Efstaleiti

Áslaug Birna Ólafsdóttir, fagstjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslunni Efstaleiti, kom á fundinn til að ræða mönnun hjá Heilsugæslunni Efstaleiti.

Önnur mál

10. Kvennavekfall 24. október

Framkvæmdastjórn upplýst um að boðað hefur verið til kvennavekfalls 24. október þar sem konur eru hvattar til að leggja niður störf. Viðbúið er að verkfallið geti haft áhrif á starfsemi HH. Stéttarfélög ýmissa starfsstétta innan HH standa að verkfallinu, til að mynda öll félög innan BSRB og BHM auk Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:45